

Verklagsreglur vegna styrkja Lagastofnunar Háskóla Íslands til að vinna umsóknir í samkeppnisrannsóknasjóði

Samþykktar 10. maí 2013 með breytingum samþykktar 12. desember 2014

Til að framfylgja stefnu Lagastofnunar og Lagadeildar fyrir árin 2011-2016, hefur stjórn Lagastofnunar ákveðið að umbuna starfsmönnum Lagadeildar og Lagastofnunar, sem auka sókn í innlenda og erlenda rannsóknasjóði. Þar sem höfnunarhlutfall er hátt í flestum samkeppnissjóðum telur Lagastofnun mikilvægt að umbuna fyrir þá vinnu sem lögð er í umsóknir hvort sem styrkur fæst eða ekki. Með því að meta að verðleikum það frumkvæði og þá miklu vinnu sem umsóknarferlið krefst, vonast Lagastofnun til að gera sýnt fram á aukningu í sjóðasókn og þar með að uppfylla markmið í rannsóknastefnu stofnunarinnar, Lagadeildar og Félagsvísindasviðs um að fjölga styrkumsóknum í samkeppnissjóði.

Lagastofnun hefur til viðbótar við þetta sérstaka fjárveitingu árlega til að kaupa sérstaka sérfræðipjónustu við umsóknir í Rannsóknasjóð Rannís og erlenda samkeppnissjóði auk þess sem boðin er aðstoð reyndra starfsmanna innan lagadeildar og starfsmanna Lagastofnunar við umsóknarferlið.

1. gr.

Þeir sem skila umsókn um rannsóknastyrk til Rannsóknasjóðs HÍ eðasamkeppnissjóða, þar sem hver einstakur styrkur nemur ekki hærrí fjárhæð en 1-3 milljónir, fá greiddar allt að kr. 50.000.- pr. umsókn í styrk. Sama fjárhæð fæst í styrk ef um er að ræða innlenda eða erlenda samkeppnissjóði þar sem styrkir nema hærrí fjárhæðum en vinna við umsókn er sambærileg og við umsókn til Rannsóknasjóðs HÍ.

Skilyrði styrkveitinga vegna hafnaðra umsókna er að rannsóknasjóður meti umsóknina í hæsta flokki eða stjórn Lagastofnunar meti umsóknina sjálfa svo og rannsóknarverkefnið gott.

2. gr.

Veittur er styrkur allt að fjárhæð kr. 200.000.- fyrir umsóknir sem skilað er til Rannsóknasjóðs Rannís eða annarra sambærilegra innlendra eða erlendra samkeppnissjóða vegna rannsóknaverkefna. Skilyrði styrkveitingar í öllum tilvikum er að umsókn hafi verið unnin eða stjórnað að mestu leyti af viðkomandi styrkþega, vinna styrkþega hafi numið a.m.k. eins mánaðar vinnu og allur eða meirihluti styrkfjárhæðarinnar greiðist í gegnum Lagadeild eða Lagastofnun Háskóla Íslands auk þess sem mótframlag Háskólans/Félagsvísindasviðs greiðist vegna verkefnis. Séu skilyrði þessi ekki uppfyllt fæst ekki styrkur samkvæmt þessari grein.

Veittur er styrkur allt að kr. 100.000.- fyrir umsóknir þar sem styrkir eru að mestu leyti ætlaðir þriðja aðila annars en umsækjanda svo sem t.d. Rannísstyrkur fyrir doktorsnema. Samsvarandi styrkur fæst vegna umsókna til að setja á stofn samstarfsnet. Skilyrði styrkveitingar í öllum tilvikum er að allur eða meirihluti styrkfjárhæðar greiðist í gegnum Lagadeild eða Lagastofnun Háskóla Íslands auk þess sem mótframlag Háskólans/Félagsvísindasviðs greiðist vegna slíkra styrkja. Séu skilyrði þessi ekki uppfyllt fæst ekki styrkur samkvæmt þessari málsgrein nema stjórn ákveði annað.

Skilyrði styrkveitinga vegna hafnaðra umsókna er að samkeppnissjóður meti umsóknina í hæsta gæðaflokki eða stjórn Lagastofnunar meti umsóknina sjálfa svo og rannsóknarverkefnið gott.

3. gr.

Senda skal Lagastofnun bréf rannsóknasjóðs þar sem tilkynnt er hvort styrkur fæst eða ekki. Stjórn Lagastofnunar tekur í framhaldi af því afstöðu til þess hvort og hversu hár styrkur skuli veittur. Styrkfjárhæð er greidd inn á rannsóknareikning merktan viðkomandi hjá Lagadeild HÍ.

Styrkfjárhæð er sú sama þó fleiri en einn standi að umsókn og deilist fjárhæð þá á milli þeirra sem að umsókn standa í jöfnum hlutföllum nema umsóknaraðilar óski eftir annarri skiptingu.

4. gr.

Hægt er að sækja um styrk til Lagastofnunar til að kaupa sérstaka sérfræðiþjónustu vegna umsókna til Rannsóknasjóðs Rannís eða í erlenda samkeppnissjóði, að hámarki kr. 300.000.- en stjórn Lagastofnunar ákveður styrkupp hæð í hvert sinn.

Skilyrði fyrir styrkveitingu er að umsóknaraðili sé einn af verkefnisstjórum, og að umsókn berist stofnuninni a.m.k. 3 mánuðum fyrir skiladag umsóknar. Hægt er að víkja frá þessum skilyrðum ef sérstakar aðstæður réttlæta það að mati stjórnar Lagastofnunar. Veittir styrkir greiðast inn á rannsóknareikning umsóknaraðila þegar Lagastofnun hefur fengið afrit reiknings vegna sérfræðivinnunnar.

5. gr.

Allar styrkveitingar samkvæmt þessum verklagsreglum eru háðar fjárhagsstöðu Lagastofnunar hverju sinni og er stjórn því heimilt að ákveða hvenær sem er að veita ekki styrki eða lækka þá.

Breytingar taka gildi miðað við 12. desember 2014 og skulu gilda gagnvart umsóknum sem hafa verið sendar en ekki verið afgreiddar.